



Áveitan

12. tbl. 17. árgangur. Desember 2023

Skötuveisla Umf. Þjótanda

Skötuveisla Þjótanda verður að sjálfsögðu á sínum stað á Þorláksmessu. Veislan verður í Þingborg milli kl 12 og 13 og boðið verður upp á skötu og meðlæti ásamt saltfiski fyrir þá sem kjósa heldur. Kaffi og konfekt innifalið í verði.

Aðgangseyrir er sanngjarn eins og alltaf:
Fullorðnir 3.000 krónur
Börn 6-12 ára 500 krónur
Yngri börn fá frítt.

Skötuveislan er ein helsta fjáröflunarsamkoma ungmennafélagsins og eru fjölmargir sem leggja hönd á plóg með sjálfboðavinnu eða hráefnisgjöfum þennan dag.

Sjáumst sem allra flest!



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru sveitungar og lesendur Áveitunnar



Síðasti mánuður ársins runninn upp eins ótrúlegt og það kann að virðast. Desember er alltaf jafn heillandi mánuður enda margt um að vera í mannlífinu og gott að líta um öxl og hugsa um hvað liðið ár hefur fært okkur.



Í nóvember hefur sveitarstjórn unnið hörðum höndum að undirbúningi fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Haldnir hafa verið nokkrir vinnufundir og fór fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2024-2027 fram á 289. fundi sveitarstjórnar þriðjudaginn 28. nóvember og verður hún tekin til síðari umræðu 12. desember.

Í þessari vinnu er að mörgu að huga svo sem uppfærslum og ákvörðunum um gjaldskrár, ákvörðun um álagningarstofn fasteignaskatts, útsvarsprósentu, fjárfestingar næstu ára og margt fleira.

Mikil umræða hefur verið um gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga í fjölmiðlum undanfarið og gagnrýnt að hækkanir séu allt frá 5-30% hjá mörgum sveitarfélögum.

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað að rýna vel í rekstur allra málaflokka og skoða gjaldskrár vel en ekki fara þá leið að setja fasta prósentutölu

á allar gjaldskrár. Sem dæmi má nefna að tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu við heimili gerir ráð fyrir því að gjaldið standi í stað milli ára og sama á við um fast sorpeyðingargjald á fasteignir. Sveitarfélagið hyggst áfram bjóða upp á inneignarkort á söfnunarstöð fyrir alla fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald og reiknað er með opinni viku í hreinsunarátaki að vori. Inneignarkort og opin vika er ekki sjálfsgöð þjónusta en sveitarstjórn var sammála um að bjóða upp á þetta á árinu 2024.

Gjaldskrár fyrir fæði í leik- og grunnskóla og vistunargjöld í lengdri viðveru og leikskóla fylgja vísitölu neysliverðs og er næsta breyting áætluð 1. febrúar að öllu óbreyttu. Gjaldskrá leikskóla var endurskoðuð fyrir nokkrum mánuðum með það að leiðarljósi að lækka vistunargjöldin heilt yfir og lækkuðu gjöldin mest hjá yngstu nemendum leikskólans. Gjaldskráin er byggð upp á þann hátt að hún hafi bæði rekstrarlegan og faglegan ávinning til lengri tíma liðið.

Ekki er gert ráð fyrir því að álagningarprósenta á fasteignir breytist á milli ára miðað við fyrri umræðu og fullnýtir Flóahreppur ekki heimildir til álagningar fasteignagjalda á A flokk og C flokk. Undir þessa flokka falla meðal annars íbúðarhús, frístundahús, útihús og atvinnustarfsemi.

Ljóst er að sveitarfélagið þarf að klára innleiðingu nýrra laga um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi í upphafi árs 2023 en það sem sat eftir á þessu ári er kostnaður vegna dýrahraeja. Sveitarstjórn lagði fram þá tillögu til fyrri umræðu fjárhagsáætlunar að setja á nýtt gjald á búfjáreigendur sem eru með skráð búfé skv. skýrslum frá Matvælastofnun. Með þessu erum við komin alla leið varðandi innleiðingu á nýju lögnum sem kveða á um að sá borgi sem notar.

Þessar breytingar verða kynntar nánar fyrir búfjáreigendum áður en til gjaldtöku kemur vegna úrgangsflokksins.

Á árinu 2024 verður sú leið skoðuð að setja mæla á vatn hjá atvinnurekendum og/eða stórnotendum þannig að greitt sé fyrir raunnotkun. Eins og staðan er í dag er ekki verið að horfa til heimila eða frístundahúsnæðis. Breyting sem þessi þarfnast undirbúnings og mun árið vera nýtt í að koma á þeim breytingum ef þær teljast raunhæfar í okkar sveitarfélagi. Fyrirmynd slíks fyrirkomulags má finna í mörgum öðrum sveitarfélögum í kringum okkur. Á árinu 2023 leggur sveitarstjórn til að breyting verði gerð á álagningarstofni vatnsgjalds á C flokk og útihús sem fer úr 0,2% af fasteignamati í 0,3%.

Framkvæmda- og viðhaldsáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir ýmiskonar viðhaldsverkefnum í fasteignum sveitarfélagsins. Sem dæmi er gert ráð fyrir málun á þökum og þakköntum við einhverjar fasteignir ásamt hefðbundnu viðhaldi innanhúss svo sem málun og viðhaldi á kerfum eins og loftræstingu og brunakerfum. Skoða á að bæta hljóðvist í matsal Þjórsvæðis og varmadæla í Félagslundi verður endurnýjuð og hitakerfi lagfært. Það er mikilvægt að passað sé upp á reglulegt viðhald í fasteignum sveitarfélagsins og standa starfsmenn fasteignasviðs sig vel í að fylgjast með viðhaldsþörf og bregðast við henni. Mismikil notkun er á fasteignum í eigu sveitarfélagsins og eðlilegt að meira fari í reglulegt viðhald á þeim húsum sem eru í notkun nær daglega allt árið.

Frá áramótum verður sú breyting í Flóahreppi að notast þarf við bréfpoka fyrir lífrænan eldhúsúrgang líkt og þegar hefur verið innleitt á höfuðborgarsvæðinu. Bréfpokarnir verða svo til sölu í helstu

matvöruverslunum. Frá áramótum á því ekki að nota maíspökana fyrir lífrænan úrgang heldur eingöngu bréfpoka.

Allir íbúar sem eru með skráða tunnu fyrir lífrænt sorp við heimili geta nú þegar nálgast nýja kórflu og eitt búnt (80 stk) af bréfpokum á skrifstofu Flóahrepps.

Á 289. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps að gera ráð fyrir breytingum á núverandi húsnæði Flóaskóla á árinu 2024 og er það fyrsti áfangi framkvæmda við Flóaskóla. Helstu breytingarnar snúa að því að stækka verkgreinastofur á neðri hæð nýbyggingar og gera innanhússbreytingar til að auka enn frekar nýtingu og aðstöðu í núverandi húsi. Smíðastofa og heimilisfræðistofa verða m.a. stækkaðar og kaffistofa og vinnuherbergi starfsmanna fært til. Einnig er gert ráð fyrir því að útbúa útikennslusvæði við verkgreinastofurnar. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að skipa í framkvæmda- og bygginganefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla og er stefnt að því að nefndin hefji störf í síðasta lagi 1. febrúar. Framundan er að fara í ítarlegri kostnaðargreiningu og hönnun á þessum fyrsta áfanga ásamt kostnaðargreiningu á áfanga tvö sem er ca. 500 fm viðbygging við skólann. Lögð er áhersla á að allir áfangar í tillögu vinnuhópsins verði hannaðir á sama tíma en undir það falla þessir tveir ofangreindir áfangar þ.e breyting á núverandi húsnæði og viðbygging við skólann og svo næstu tveir áfangar sem eru bygging íþróttahúss og viðbyggingar til að hýsa verkgreinastofur sem væri þá síðasti áfanginn skv. tillögnum.

Sveitarstjóri hefur setið fundi undanfarið vegna endurskoðunar almannavarnarkerfisins á Íslandi en sú endurskoðun er í höndum Dómsmálaráðuneytisins sem hefur stofnað stýrihóp til að hafa

yfirumsjón með verkefninu ásamt ráðgjöfum. Stefnt er að því að þessari vinnu verði lokið fyrir árslok 2023 en þá hefst vinna við lagafrumvarp vegna hugsanlegra breytinga á kerfinu. Sveitarfélög á Suðurlandi eru framarlega þegar kemur að almannavörnum og hafa til að mynda öll sveitarfélög á Suðurlandi farið í gegnum þá vinnu á síðustu árum að setja saman viðbragðsáætlanir vegna samfélagslegra áfalla. Mikilvægt er að endurskoða slíkar áætlanir reglulega og er sú vinna framundan hjá sveitarstjórn Flóahrepps.

Við sjáum mikilvægi almannavarna og rétttra viðbragða þegar samfélög verða fyrir áföllum líkt og nú er að gerast í Grindavík. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur sent bæjarstjórn Grindavíkur hlýjar kveðjur og er það ósk okkar að samfélagið þar komist sem fyrst í fyrra horf og að byggð og mannlíf blómstri að nýju. Flóahreppur mun gera það sem hægt er til að aðstoða Grindvíkinga við þær áskoranir sem þeir standa nú frammi fyrir og nú þegar hafa nemendur bæst við í leik- og grunnskóla Flóahrepps vegna náttúruhamfaranna í Grindavík.

Aðventuhátíð Flóahrepps verður haldin í Þingborg fimmtudagskvöldið 7. desember. Hátíðin er samstarfsverkefni menningarnefndar Flóahrepps og Berglindar Bjarkar Guðnadóttur en hún fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands á dögunum sem hjálpar mikið til við að gera viðburð sem þennan að veruleika. Það er virkilega gaman að sjá kraftinn og metnaðinn hjá öllum þeim sem koma að skipulaginu á einn eða annan hátt og eru tilbúin að leggja fram tíma og vinnu til að gleðja okkur hin með menningarviðburði eins og þessum. Skipuleggjendur hafa fundið mikinn meðbyr og fyrirtækin Hótel Vatnsholt og Sláturfélag Suðurlands hafa sýnt verkefninu stuðning með gjöfum til þeirra sem að verkefninu koma.

Sérstakt forsöluverð er í gangi og er hægt að panta miða á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is.

Í desember er gott að minna á mikilvægi eldvarna. Sveitarfélagið Flóahreppur er aðili að Brunavörnum Árnessýslu og undir þær fellur Slökkvitækjapjónusta Suðurlands ehf. Slökkvitækjapjónustan þjónustar lögbýli í sveitarfélaginu og felst þjónustan meðal annars í því að íbúar í dreifbýli Árnessýslu geta komið með slökkvitækin sín þar sem starfsmaður yfirfer þau eða skiptir þeim út. Einnig afhenda þeir rafhlöður í reykskynjara að kostnaðarlausu. Hjá Slökkvitækjapjónustunni er einnig hægt að kaupa eldvarnarbúnað svo sem slökkvitæki og reykskynjara. Aðsetur þjónustunnar er í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Ég vil hvetja íbúa til að huga að eldvörnum og nýta sér þessa þjónustu.

Sveitarstjórn kemur næst saman til fundar þriðjudaginn 12. desember kl. 11:00 í Þingborg. Hægt er að senda inn erindi til hádegis föstudaginn 8. desember.

Að lokum óska ég íbúum Flóahrepps og öðrum lesendum notalegrar aðventu og jólahátíðar í faðmi sinna nánustu.

„Kærleikurinn er sterkasta aflið sem til er í heiminum og þó jafnframt hið hógvæраста sem unnt er að hugsa sér.“ Gandhi

*Með kærri aðventu- og jólakveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Jólaball Kvenfélaganna í Flóahreppi

Kvenfélögin í Flóahreppi halda sameiginlegt jólaball fyrir börnin í hreppnum og þeirra gesti í Félagslundi 29. desember.

Húsið opnar kl. 13.30 og ballið hefst kl. 14.00.

Það verður spilað og sungið og mun Jón Bjarnason halda uppi góðri jólastemningu. Svo er aldrei að vita nema jólasveinar kíki við og gleðji unga sem aldna. Gestir eru beðnir um að koma með bakkelsi á sameiginlegt hlaðborð.

Aðgangseyrir er 1000kr fyrir 6 ára og eldri. Þó borgar hvert heimili ekki meira en 3000kr fyrir aðgang á jólaballið. Athugið að ekki er posi á staðnum.

Klukkan 19:30 það kvöld verður svo spiluð félagsvist í Félagslundi.

Kærar jólakveðjur til allra sveitunga,
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Villingaholtshrepps
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps



Frá Fjarrækarfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Hurðarbaki miðvikudaginn 13. desember kl 20:30. Hefðbundin aðalfundarstörf, verðlaunaafhending og framtíðaráform félagsins rædd.

Stjórnin

Fréttatilkynning frá Jólasveinum

Við bræðurnir verðum á ferð um Flóahrepp eins og alltaf á Þorláksmessu og aðfangadag. Við erum búnir að ráða almannatengslafulltrúa sem eru þær Freyja Kristín frá Ferjunesi og Guðmunda Bríet frá Hrygg, þær ætla að taka við pöntunum fyrir okkur. Síminn hjá þeim er F: 761 4796 og G: 787 2806.

Pantið heimsókn hjá þeim síðasta lagi 21. desember. Einnig veita þær nánari upplýsingar um fyrirkomulag.

Guðmunda Bríet verður svo í Þingborg 21. desember við bakinn ganginn, milli klukkan 17:30 og 19:00 og hún tekur við greiðslum og sendingum til káttra krakka. Verðið er 1.500 kr á hverja heimsókn.

Jólakveðja,
Jólasveinarnir



Úrslit af Meistaramóti Þjótanda á skák

Skákmótið okkar var haldið 19. nóvember í Flóaskóla og gekk mjög vel. Ágúst Valgarð Ólafsson var mótsstjóri og þökkum við honum kærlega fyrir það. Keppt var í tveimur 7 manna flokkum og voru telfdar 7 umferðir. Mótið var öllum opið og gaman var að fá nokkra utanfélagskeppendur á staðinn. Hér birtast úrslit mótsins:

Opinn flokkur:

- | | | |
|----|---------------------------|---------------|
| 1. | Magnús Tryggvi Birgisson | 7 vinningar |
| 2. | Ásgeir Magnússon | 6 vinningar |
| 3. | Garðar Þór Jónsson | 5 vinningar |
| 4. | Styrkár Freyr Birgisson | 3,5 vinningar |
| 5. | Kristófer Máni Andrason | 3,5 vinningar |
| 6. | Héðinn Fannar Höskuldsson | 1,5 vinningar |
| 7. | Arnar Alex Reynisson | 1,5 vinningar |

Meistaraflokkur:

- | | | |
|----|---------------------------|-------------|
| 1. | Matthías Máni Elíasson | 6 vinningar |
| 2. | Guðbergur Davíð Ágústsson | 5 vinningar |
| 3. | Ágúst Valgarð Ólafsson | 5 vinningar |
| 4. | Örvar Rafn Hlíðdal | 4 vinningar |
| 5. | Reynir Bjarkason | 4 vinningar |
| 6. | Sigurjón Óli Ágústsson | 3 vinningar |
| 7. | Höskuldur Jensson | 1 vinningur |





Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps óskar félagskonum, íbúum Flóahrepps og velunnurum félagsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Með kærri þökk fyrir velvild og samstarf á líðandi ári.



Kæru íbúar í Flóahreppi

Frá áramótum verður sú breyting í Flóahreppi að notast þarf við bréfpoka fyrir lífrænan eldhúsúrgang líkt og þegar hefur verið innleitt víða á landinu. Bréfpokarnir verða til sölu í helstu matvöruverslunum. Frá áramótum á því ekki að nota máispokana fyrir lífrænan úrgang heldur eingöngu bréfpoka.

Allir íbúar sem eru með skráða tunnu fyrir lífrænt sorp við heimili geta nú þegar nálgast nýja körfu og eitt búnt (80 stk) af bréfpokum á skrifstofu Flóahrepps.



Nokkur hagnýt ráð

- Mikilvægt er að nota grænu körfuna undir bréfpokann
- Græna karfan passar í IKEA eldhúsinnréttingar
- Alls ekki setja poka utan um bréfpokann
- Mikilvægt er að fylla ekki pokann upp fyrir punktalínu svo hægt sé að loka honum.
- Það getur verið ágætt að brjóta uppá pokann efst við línuna, þannig helst hann betur opin.

Dagskrá í kirkjunum í Flóahreppi í desember.

Villingaholtskirkja:

2. desember kl. 20.00. Aðventusamvera í Villingaholtskirkju. Notaleg kvöldstund í upphafi aðventu, sr. Ása Björk segir frá jólahaldi á Írlandi, prestur sr. Ása Björk Ólafsdóttir, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur, organisti Guðmundur Eiríksson.

25. desember, jóladagur kl. 11.00 . Hátíðarguðsþjónusta, sungnir hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Ása Björk Ólafsdóttir, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur, organisti Guðmundur Eiríksson.

Laugardælakirkja:

25. desember, jóladagur kl. 13.00. Hátíðarguðsþjónusta, almennur safnaðarsöngur, prestur sr. Ása Björk Ólafsdóttir, organisti Guðmundur Eiríksson.

Gaulverjabæjarkirkja:

25. desember, jóladagur kl. 15.00. Hátíðarguðsþjónusta, prestur sr. Dagur Fannar Magnússon héraðsprestur, kirkjukórinn syngur.

Hraungerðiskirkja:

26. desember, annar í jólum, kl. 11.00. Hátíðarguðsþjónusta, sungnir hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur, organisti Guðmundur Eiríksson.



Frá Villingaholtskirkju:

Leiðislýsing í Villingaholtskirkjugarði.

Að venju hefur verið kveikt á leiðislýsingu í kirkjugarðinum okkar. Með því að tendra ljós á leiði ástvinar getum við að heiðrað minningu þeirra sem farnir eru.

Til að gera okkur kleift að bjóða upp á lýsingu á aðventu óskum við eftir að aðstandendur leiða greiði kr: 2.500,- fyrir hvern kross sem settur er.

Greiða má inn á reikning Villingaholtskirkjugarðs:
0152-15-381326, kt: 510489-1799.

Guð gefi ykkur öllum gleðilega aðventu.
Sóknarnefnd Villingaholtskirkju

Frá ritnefnd Áveitunnar

Ritnefnd Áveitunnar sendir ykkur öllum bestu óskir um gleðilega jólahátíð með kærri þökk fyrir góð samskipti á líðandi ári.

Við minnum á að hægt er að skrá sig á netfangalista Áveitunnar og fá blaðið sent í tölvupósti um leið og það kemur út.

Einnig er hægt að gerast áskrifandi af ljósritaðri útgáfu Áveitunnar. Áskrift kostar 3500 á ári og er árgjald rukkað í desembermánuði ár hvert.

Ef þið óskið eftir að gerast áskrifendur Áveitunnar á annan hvorn mátann, hafið samband við ábyrgðarmenn blaðsins á netföngin halla@floahreppur.is eða odnyasa@gmail.com (ath nýtt netfang).

Jólakveðja,
Hallfríður Ósk og Oddný Ása



Úrslit frjálisíþróttamóta

Gaflarinn, Hafnarfirði - 4. nóvember 2023

11 ára piltar

60m hlaup

6.sæti 9,36 sek Kristján Reynisson Pb.

14.sæti 10,64 sek Ottó Ingi Annýjarson Pb.

400m hlaup

7.sæti 79,56 sek Kristján Reynisson Pb.

14.sæti 92,65 sek Ottó Ingi Annýjarson

Langstökk

6.sæti 3,85 m Kristján Reynisson Pb.

15.sæti 3,15 m Ottó Ingi Annýjarson

15 ára piltar

60.m hlaup

5.sæti 8,64 sek Helgi Reynisson Pb.

400m hlaup

3.sæti 66,46 sek Helgi Reynisson

Hástökk

3.sæti 1,55 m Helgi Reynisson =Pb.

Kúluvarp 4 kg

4.sæti 9,58 m Helgi Reynisson Pb.

Silfurleikar ÍR, Reykjavík - 18. nóvember 2023

11 ára piltar

Fjórprauf

2.sæti 128 Kristján Reynisson

37.sæti 29 Ottó Ingi Annýjarson

60m hlaup

17.sæti 9,92 sek Kristján Reynisson

31.sæti 10,79 sek Ottó Ingi Annýjarson

600m hlaup

6.sæti 2:05,40 min Kristján Reynisson Pb.

26.sæti 2:35,79 min Ottó Ingi Annýjarson Pb.

Langstökk

11.sæti 3,91 m Kristján Reynisson Pb.

37.sæti 2,50 m Ottó Ingi Annýjarson

Kúluvarp 2 kg

37.sæti 7,72 m Kristján Reynisson Pb.

21.sæti 4,81 m Ottó Ingi Annýjarson Pb.

15 ára piltar

60.m hlaup

6.sæti 8,73 sek Helgi Reynisson

200m hlaup

8.sæti 27,61 sek Helgi Reynisson Pb.

60.m grind

4.sæti 11,32 sek Helgi Reynisson

Hástökk

5.sæti 1,55 m Helgi Reynisson =Pb.

Þrístökk

2.sæti 10,60 m Helgi Reynisson Pb.

Kúluvarp 4 kg

4.sæti 9,94 m Helgi Reynisson Pb.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Flóahreppur

vellíðan fyrir alla



Tökum að okkur fjölbreytt verkefni fyrir dráttarvélar, hjólagröfu og smágröfu.

Hestafl verktakar ehf

Victor Örn

Sími 789-7675

Fréttir úr Flóaskóla

Þá er síðasti mánuður ársins upprunninn og fullveldi okkar Íslendinga á 105 ára afmæli í dag. Í Flóaskóla höldum við upp á daginn með kyndlagöngu og samsöng. Síðan verður boðið upp á kakó og smákökur. Að því loknu hjálpast allir að við það verkefni að koma skólanum í jólabúning.



Næstkomandi mánudag verður haldið Skólalæping Flóaskóla þar sem nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsmenn setjast saman og ræða um hvernig við viljum haga símanotkun nemenda á skólatíma. Skólalæpingið er kjörið tækifæri til að eiga samtál um leiðir og lausnir sem hjálpa okkur að fá niðurstöðu sem þjónar öllum sem að málum koma og bætir skólustarfið.

Viðamesta verkefni nóvembermánaðar var án efa leiksyning elsta stigs. Einþáttungur sem sýndur var fyrir fullu húsi í þrígang. Þetta var afar vel unnin sýning og hin besta skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Ánægjulegast var að sjá alla nemendur elsta stigs vinna þetta saman og skila ólíkum hlutverkum sínum sem sóma. Nú vinna yngri nemendur að undirbúningi jólasýningar sem sýnd verður um miðjan mánuð. Svona skapandi verkefni eru krefjandi en afar lærdómsrík fyrir alla sem að þeim koma og útkoman verður alltaf stórkostleg upplifun, ekki síst fyrir þá sem fá að horfa á og njóta.

Já það minnir svo ótal margt á jólin og desembermánuður er á margan hátt helgaður aðventunni og jólaundirbúningi. Jólalögur, jólasöngur, jólasöngur, jólasöngur og ýmis jólaverkefni einkenna vikurnar framundan meðan beðið er eftir hátíð ljóss og friðar, hátíð barnanna.

Jólakveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Þorrablot Flóamanna 2024

Sameinað þorrablot og hjónaball Flóamanna verður haldið með miklum fögnuði í Þingborg laugardaginn 3. febrúar 2024 kl 20:00.

Veislustjórni verður í höndum Gísla Einarssonar og hljómsveitin Allt í einu spilar fyrir dansi. Happraettisvinningar verða dregniir út og skemmtiatriði verða ekki af verri endanum. Miðasala mun hefjast um miðjan janúar og verður auglýst síðar. Takið helgina frá!



Kveðja, nefndin

(ATH. Um er að ræða sameiginlegt þorrablot/hjónaball gömlu hreppanna; Hraungerðis- Villingaholts-, Gaulverjabæjar- og Sandvíkurhrepps)

*Sveitarfélagið Flóahreppur
sendir hugheitar jóla- og
njárskveðjur með þökk fyrir gott
samstarf og samskipti á árinu
sem er að líða*



AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS

Í ÞINGBORG

MENNINGARNEFND FLÓAHREPPS ÁSAMT

BERGLINDI BJÖRK GUÐNADÓTTUR KYNNA MEÐ

STOLTI FYRSTU STÓRU AÐVENTUTÓNLEIKANA Í

FLÓAHREPPI

FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ



DESEMBER

7

HEITT KAKÓ
PIPARKÖKUR
KAFFI / SMÁKÖKUR

HÚSIÐ OPNAÐ
KL.19 DAGSKRÁ
HEFST 19:30

KAKÓBAR
ÓVÆNTIR GESTIR
HOHOHO



SÖKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

FORSALA HAFIN Á FLOAHREPPUR.IS

FORSALA 2500 / VIÐ INNGANG 3500

UNGMENNI 13-17 ÁRA

FORSALA 1000 / VIÐ INNGANG 1500

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI



FLÓAHREPPUR

**AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS
KYNNIR KVÖLDSINS
SVEINN ORRI EINARSSON**

SÉRSTAKIR HÁTÍÐARGESTIR

BERGLIND BJÖRK GUÐNADÓTTIR SÓPRAN,
TINNA ÞORVALDS ÖNNUDÓTTIR MEZZOSÓPRAN,
MARÍA JÓNSDÓTTIR SÓPRAN,
ÁSAMT JÓNI SIGURÐSSYNI PÍANÓLEIKARA

SKÓLABÖRN Í

KRAKKABORG OG FLÓASKÓLA
UNDIR STJÓRN HAFDÍSAR GÍGJU BJÖRNSDÓTTUR

LANGSPILSHÓPUR FLÓASKÓLA

UNDIR STJÓRN EYJÓLFS EYJÓLFSSONAR

**TÓNLISTARNEMENDUR
TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA**

KIRKJUKÓRAR

HRAUNGERÐIS-OG VILLINGAHOLTSKIRKJU
UNDIR STJÓRN GUÐMUNDAR EIRÍKSSONAR

KAKÓBAR, PIPARKÖKUR, KAFFI OG SMÁKÖKUR
INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐI
ÓVÆNTIR GESTIR
KOMA Í HEIMSÓKN



Frá Umf Þjótanda

Bolir og húfur

Við eigum til á lager Þjótandaboli og húfur á afar hagstæðu verði. Gæti hentað vel í jólapakkana. Fyrirspurnir berist til Fanneyjar í síma 892-4155 eða með skilaboðum.



Ályktun frá stjórn Þjótanda

Stjórn Umf. Þjótanda lýsir yfir mikilli ánægju með þá ákvörðun að halda eitt sameiginlegt þorablót í Flóahreppi árið 2024. Er stjórnin sannfærð um að þessi ákvörðun sé heillaskref fyrir okkar samfélag og mikilvægur liður í framþróun og því verkefni að klára félagslega sameiningu í sveitarfélaginu okkar.

Dagskrá mánaðarins

Aðventusamvera í Villingaholtskirkju	3. desember
Fundur sveitarstjórnar	12. desember
Fundur Fjárræktarfélags Villingaholtshrepps	13. desember
Panta jólasveinaheimsókn	21. desember
Skötuveisla í Þingborg	23. desember
Jólasveinar á ferð	23.-24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	26. desember
Jólaball Kvenfélaganna í Félagslundi	29. desember
Félagsvist í Félagslundi	29. desember

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári, með þökk fyrir árið sem er að líða.

